

**112** Brjef ráðgjafans fyrir Ísland til landshöfðingja um nýja tvíkrónupeninga til minningar um 25 ára stjórnaraðmæli hans hátignar konungsins. — Samkvæmt konungsskipun, dags. 8. maí p. á., hafa tvíkrónupeningar verið gjörðir til minningar um 25 ára stjórnaraðmæli hans hátignar konungsins og eiga peningar þessir að breiðast út meðal almennings frá fjehirzlum ríkisins í skiptum eða smágreiðslum.

Það hefur þótt edlilegt, að Ísland fengi hlut af peningum þessum, og þess vegna hefur ráðherra fjármálanna gjört ráðstöfun til, að sendar yrðu til jarðabókarsjóðsins með póstskipi því, er hjedán á að fara 10. p. m., 1500 afmælis-tvíkrónupeningar eða 3000 kr.

Þetta læt jeg eigi hjá líða að tjá yður, herra landshöfðingi, til þóknanlegrar leiðbeiningar, og bæti jeg því við, að fjárupphæðin er talin með gjöldum í viðskiptareikningi aðalfjehirzlunnar við landssjóð Íslands, og sömuleiðis, að jeg hef skrifað landfógetanum í dag allt er þurfa þykir um, að veita peningunum viðtöku í jarðabókarsjóð og um það, hvernig þeim skuli varið.

**113** Brjef háskólaráðsins til landshöfðingja um villur í almanakinu íslenska fyrir árið 1889. — Háskólaráðið hefur í dag fengið tilkynningu frá observator um, að hann hafi fundið þessar villur í íslenska almanakinu fyrir árið 1889.

1. Nýtt tungl verður eigi 30. jan. 7.42' f. h., heldur 31. jan. 7.42' f. h.
2. Fardagur í Kaupmannahöfn er eigi 16., heldur 25. apríl.
3. Við 26. sept. komi: Kristján prins.
4. Við 15. okt. komi: fardagr í Kaupmannahöfn.

Þetta lætur háskólaráðið eigi hjá líða að tjá yður, hávelborni herra, til frekari ráðstöfunar eptir því, sem þörf er á.

**114** Brjef landshöfðingja til amtmannsins yfir norður- og austuramtinu um undanþágu frá 3. gr. í lögum 7. nóv. 1879 um breytingu á eldri lögum um siglingar og verzlun á Íslandi. — Með rjettarprófum, er haldin voru af bæjarfógetanum í Reykjavík yfir skipstjóranum á gufuskipinu »Copeland«, Thompson, sannaðist það, að nefndur skipstjóri hafði í júnímánuði í sumar siglt gufuskipi sínu inn á Fáskrúðsfjörð og skipað þar upp, sumpart í annað skip og sumpart í land, um 30 smálestum af vörum, er fara áttu til Seyðisfjarðar, af þeirri ástæðu, að skipstjóra þótti ei unnt að komast inn á nokkra löggilta höfn á Austurlandi sökum íss. Óskaði skipstjóri að málssókn gegn sjer fyrir þetta brot gegn 3. gr. í lögum 7. nóvbr. 1879. um breyting á eldri lögum um siglingar og verzlun á Íslandi, mætti niður falla gegn því, að hann greiddi sekt þá, er amtið kynni að úrskurða sjer, og með því að skipstjóri fjekk ábyrgðarmann fyrir skilvíslegri greiðslu á slíkri sekt, fekk hann leyfi til að halda áfram ferð sinni með skip sitt.

Með úrskurði 14. júlí p. á. ákvað amtmáðurinn yfi suðuramtinu og vesturamtinu upphæð sektar þessarar til landssjóðs 200 kr. Síðar hefur fyrir hönd skipstjóra verið lagt fram vottorð frá sýslumanninum í Suðurmúlasýslu um, að hann hefði gefið leyfi til, að vörur þær, er í júní komu með »Copeland« og fara átti á Seyðisfjörð, mætti afferma á Fáskrúðsfirði, ef ís hindraði för skipsins til Seyðisfjarðar, og hefur sýslumaðurinn í Norðurmúlasýslu ritað á vottorð þetta, að vörurnar, er fara áttu til Seyðis-